Mannanöfn og heimili

með m

Kemur út annanhvorn laugardag ekki minna en sex þórtegspapp-arkir í einu

# Sveitablaðið

Uppsögn bundin við áramót ógild nema komin sé til ritnefndar fyrir 27 Apríl

# Fjallfari

| 4 ár | 1 blað | 3 kerfis. | no 7. |
|---|---|---|---|

Hólakoti 6 Febrúar 1904

## Ritnefnd.

Sigurjón Jónasson
Teodór Friðriksson
Björn Guðmundsson

# Á nýjársdag.

Nú hefjist nýir hljómar
frá hjartans innstu rót
sjá, dagsins ljósid ljómar
ó, lítum austri mót
sjá, árid er ad renna
þar upp med dagsins brún
og letrar ljósum penna
á loptid gudómsrún

Þad letrar örlög ýta
er árid lídum bjó.
á bókfell himins hvíta
svo hrein en ólík þó,
þad letrar líf og dauda
þad letrar gledi og harm
þad þrýstir þyrnum nauda
þad þerrar tár af hvarm

Nýja ár nú oss leiddu
á nýjar brautir lífs
nýjum niðjum greiddu
nýjar varnir kífs
ný heimsöfl fósturfoldu
nýtt frelsis sýni spor
ný blessun blómgi moldu
ný bæn sé allra vor.

Sigurj. Jónasson

# Skotinn selur á jólanótt

Við vorum tveir á ferðinni, vegurinn sem við fórum, lá með fram sjóarströnd annað hvert fast við sjóinn, eða þá nokkuð upp frá honum, þar sem klungur og klappir gjörðu að honum; Þetta var á aðfangadag jóla og eg man það svo undur vel, að við félagar vorum í fremur góðu skapi, bæði var það að við sameiginlega hlökkuðum til jólanna, og svo vorum við hrifnir í anda af blessuðu góð-

veðrinu, og hinni yndælu fegurð að sjá fríða fjörðinn okkar, spegilfagrann, og staðandi í logninu og kyrðinni. Það spillti heldur ekki til, að við endur og sinnum supum á brennivínsglasi er við höfðum meðferðis, og vorum þá líka til með að gefa bragð, hverjum þeim náunga er orðið hefði á leið okkar.

Við gröikkuðum nú sporið uppá eina brekkuna svo við urðum allir í einu svita löðri.

„Andskoti er þetta erfitt og mæðandi að hafa sig uppá brekkuna þá arna!“ sagði félagi minn másandi og hvásandi; um leið og við settum okkur niður á afar þæilegan stein, og tókum upp glasið okkar og supum á því; „já satt er það; erfitt getur manni nú þótt að hafa sig uppá marga brekkuna, ekki síst þegar maður gengur í þessum hamförum og ....illingi; en kostum þá bara mæðinni, og athugum fegurðina sem blasir við okkur af hæðinni þeirri arna, lítum yfir landið og sjóinn, og athugaðu yndið og blíðuna sem yfir öllu hvílir. Ekki er það nú víst að yndi og blíða hvíli yfir

"öllu núna, þó þú vitist það í þetta sinn;
Ó! að við værum nú eins óspilltir og saklausir
eins og blessuð rjúpan sem þarna flýgur, og
þó er verið að svipta þessar skepnur lífi sínu;
og já! félagi minn, aumir erum vér menn-
-ir, því sannleikurinn er sá, að við erum
versta villidýrið sem hrærist á jörðinni, við
sem myrðum og deyðum — oss til bjargar — fleiri
sem nöfnum tjáir að nefna; við ölum að
vísu upp áti margar skepnur og gjörum vel
við þær, en sitjum eiginlega á svikráðum fyrir
því að svipta þær lífi sínu, þegar okkur
býður svo við að horfa, svona er þá lífið á
hnattarkorninu okkar, allt frá því æzta og
niður til þess lægsta, það skeggnir og
rennur allt í blóði, og við menninir þessi
æzta skepna jarðarinnar skildum þurfa
að vera undir slíku voða lögmáli af nátt-
úrunnar hendi, en allt er þó verst að við
sjálfir skulum ekki geta komið okkur
saman án þess að heyja sífellt stríð og
baráttu sem endar vanalegast með

"drápi og dauða, sorgum og tárum.
"Blessaður góði kunningi vertu ekki að
þessu bulli, láttu mig heldur sjá glasskömmina
Í þessu bili verður okkur litið á mann ekki
langt frá okkur, hann sat þar á ofurlítilli
þúfu og studdist fram á byssu sína.
Við félagar heilsuðum þegar manninum og
buðum honum að bragða á glasinu okkar,
því við þektum hann að því að honum þótti
bragðið gott; en hann þakkaði okkur fyrir
gott boð og sagðist ekki hafa lyst á því
þetta kom nokkuð flatt uppá okkur og við
sem höfðum farið nokkuð gáskalega að
tókum þegar í hattinn okkar, og héldum á stað
eins og leið okkar lá.

Kæru lesendur! stönsum nú stundar-
korn hjá þessum manni, er situr nú hljóður
og hugsandi, og rennir ángurblíðum augum
ýmist niður í hvamminn — þar sem ofurlítill
kofi stendur á sjávarbakkanum — eða þá yfir
speglandi sjávarflötinn og fram að hinni
fagurlegu ey er lá út og inn eptir fyrðinum

– líkast nýsprungnum hval— og blasti rétt
rétt á móti smáa og hrörlega húsinu.
Maður þessi var á að giska um fimmtugt
Andlitsdrættirnir voru fremur hörkulegir
en þó dularfullir og lýstu einhverju er
ekki yrði í bili hamnað. Eins og áður
er getið studdist hann framá byssu sína
og ef glöggt hefði verið að gáð, mundu menn
hafa séð nokkur tár falla niður á hvíta
litla kroppinn, er lá þvert yfir annað lær
morðingja síns; það var rjúpa, og það fellu
blóðdropar niður úr nefinu á henni—
smáa nefinu sem hún hafði krafsað nið
í snjóinn sinn og safnað sér forða fyrir
blessuð jólin. Tunglið er að koma upp.
Það er að losna við austurfjallabrúnirnar
og farið að strá glitrandi geislum sínum
yfir sjóinn og fannhvíta fjallatoppana.
Aptur var dagsljósið smátt og smátt að hverfa
og logagylltar stjörnur leiptrandi á dökkum
en heiðum himninum. Norðurljós myndast
og brenna fram og aptur, unz þau hverfa

og koma aptur, þá í margskonar myndum.
Fylgjum nú manni þessum í anda; þar sem
hann lítur yfir liðnu æfina sína og fáeinum
augum rennir til litla kofans sem á bakkanum
stendur; var þar nokkur lifandi vera, eða því
var þar ekki kveikt ljós eins og í öllum öðrum
mannabýlum, er nú með kveldinu sýnast
uppljómuð með logandi geisla-dýrð.
Mikið yndi hlaut það að vera, að vera staddur
innanveggja í þrílypta húsinu, er stóð á
dálítillri hæð á innri enda eyjarinnar; og
sýndist nú með kveldinu vera sem einn glóandi
ljósahjálmur, hann mundi nú svo glöggt eptir
því, að hann hafði verið alinn upp í þessu húsi
hjá blíðum og elskulegum foreldrum er ekki
máttu sjá neinn skugga eymdar né voláðis
skyggja á eina barnið sem þau áttu.
Þarna á eyjunni var hann fæddur og uppalinn
og þar naut hann sinna fyrstu æskudaga
allt var þá svo fagurt og bjart; en ekki neitt
ömurlegt dimmt eða dapurt, hann hafði í
stuttu máli; verið uppalinn sem ríkismannsbarn

við öll möguleg þægindi lífsins, og svo þegar árin
færðust yfir hann, vildi hann sjálfur nota og
njóta þeirrar sælu, er lífið gat veitt honum.
Maðurinn var sannarlega fríður og gjörvilegur
í öllum hreyfingum, og tamdi sér mikið
siði og samkomur hinna útlendu fiski-
veiðamanna er svo oft höfðu haft að setur
sitt í skjóli fjöru hans er átti meiri hluta
eyjarinnar með öllu sínu fjölbreytta fegurðar
skrúði og afurðum lands og sjávar.
"Það þurfa sterk bein til að þola góða daga"
– segir málshátturinn – en hafði nú þessi
fullvaxni ungi maður engar hættur við að
stríða? að minnsta kosti sá hann sannarlega
ekki neitt er skyggði á lífið, og lét þannig
hinn sterka straum tímans berast í
gegnum glaðasta gleðibraut.
Margir urðu nú þegar vinir og góðkunningjar
bæði konur og karlar af hinu unga gleði
fólki; samkomur urðu tíðar og dansinn
var stiginn létt og liðugt eptir hinum
töfrandi tónum hljóðfæranna

Vínið sem freyddi glóandi og gómsætt á
staupunum, örvaði hinar viðkvæmu tilfinningar
unga mannsins, fyrir meyjanna blíða brosi
er hugfangnar drukku til sín ást og sælu
hann lét sér það heldur ekki úr greipum ganga.
Þannig liðu æskuárin í sitt ómælandi djúp.
En hversu marga meyjuna hafði hann ekki tælt,
og hversu marga ágæta unga stúlku hafði hann
ekki svikið, og þannig náð ástinni
undir svikafullri fegurðarblæu. Hve opt
hafði ekki hin ástkæra móðir hans, beðið
hann – með tárin í augunum – að snúa
aptur af slíkum hálum vegi, er hann gengi
með útlendum mönnum, og halda sér heldur
óspilltum af heiminum og forðast soll og
illan selskap sinna lagsbræðra.
Þessar og þvílíkar áminningar gátu ekki
breytt hugarfari hans, heldur gjörðist hann
þegar sjómaður og sigldi til annara landa.
Engum skrifaði hann, og engum af hans
fyrri vinum vissi neitt um hann, hvort
var lífs eða liðinn; svona leið tíminn

og árinn fórdust yfir hinn unga mann með
útlendra þjóða; en eptir tuttugu ára tíma-
bil kom sú sorgarfregn til átthaga hans
að búið væri að taka hann fastann fyrir
slark og drykkjuskap, en þó dygði að
leysa hann út með ærnu gjaldi.
Eg gæti vera trúað að hann hefði óreglu-
manni sögðu nokkrir af hanns fyrri
félögum er um stöðu uppiáfall feðra sinna
Peningar föður hans komu honum nú að
góðu haldi og nú kom hann aptur til æsku-
stöðva sinna eptir tuttugu ára útlegð
margt var nú þegar mikið breitt, áðurnefnd
eign föður hanns var þegar orðin annara eign
Móðir hanns var fyrir löngu dáin, og það
sást engin vexsum merki að hún hefði
verið til nema legsteininum er bóndi hennar
hafði látið setja yfir leiðið hennar, og þar
mátti í gulnu letri lesa fá ein orð um það
að hún hefði þó verið móðir, þarna lá hún
nú köld og stirðnuð, og vissi ekki framar
um örlög sonar síns.

Hann var nú kominn heim til æskustöðva sinna
og kunni frá mörgu og miklu að segja, en
umbreittur var hann orðinn andlitið sem
áður var feitlagið og sællegt, var nú orðið grant
og hölugrár litur á því í staðin fyrir rjóðann
farfa; hann hafði þegar gengið að eiga konu
eina eptir nokkurra ára veru heima í átt-
högunum, og var sambúð þeirra að sögn
manna fremur sorgleg, Konan var að vísu
ung og fríð, og bar flest með þögn og þolin-
mæði, því drykkjuskapur manns hennar
gekk úr öllu hófi; Hann var að vísu
sannur snillingur, í því, er að því laut að
bjarga sér, og það var sem allt lægi dautt
fyrir honum bæði á sjó og landi; enn
útkoman var sú sama, hvert honum gekk
betur eða ver, hann eyddi öllu.
Þarna sat hann nú þessi maður, á þúfunni
og starði ofaná hissuna sína stundarkorn
uns hann áttaði sig. Tárin höfðu fallið
niður á fremra foldina og fuglin smáa
Hann þurkaði sér um augun; varirnar titruðu

Hann stóð upp og rétti úr sér og tók til
skotfæranna. Já! svona skal það þá vera,
fyrst púðrið, svo duglegt forhlað, svo höglin
og svo aptur forhlað, síðast bóluna á pinnann
Það tekur þá ekki lengi af að heilinn liggi
úti úr hausnum mínum, og þá er allt búið
En er það hetjulegt að myrða sitt eigið
líf og það á jólanóttina; en mín sjálfs-
skaparvíti eru þung, skildi eg geta borið þau
og nú um jólin hef eg ekkert til að nærast
á; Eg sem drakk frá mér vit og ráð, og
kom allslaus heim um hánótt, hafði ekki
neitt — ekki neitt nema þennan tæra
vökva á einni flösku, mátti eg ekki
skammast mín; Ó·ó! En konan mín
sem vafði mig upp að sér, hún sem fyrir-
gefur mér allt. Eg má ekki skjóta
mig! eg skal verða betri maður!
Hann lagði frá sér byssuna og grét
sáran með þungum sogum og ekka
hann grúfði sig niður og helt höndunum
fyrir andlitið.

Um síðir huggaðist hann. Hann varð
rólegur og stóð upp, tók byssuna sína
lagði hana á öxl sér og gekk ofur hægt
niður á við ofanað sjónum, en hvað
tunglsskinið var bjart, og bárulaust við
sandinn; Nei! þarna rak selur upp
höfuðið í tunglsglampanum, hann
kristir hausinn, en það er oflangt færi,
hann stakk sér niður aptur og um stund
í kafi, unz hann kom upp aptur nokkru
nær. Maðurinn þreif byssuna, miðaði og
hleypti af, og þar lá Kobbi dauður.
Eptir stundarkorn var hann kominn
heim að kotabýlinu og síðan var honum
sundrað.
Konan sem heima beið í kofanum
stúrin og döpur, setti nú þegar upp
pottinn og fór að sjóða, nú var líka kveikt
ljós, hjónin litu hvert til annars svo
sæl yfir þessu, eins og börn er leika
sér að gullunum sínum, Hún sá að
var eitthvað í augum bónda síns

er lýsti andar fullri sorg, hún tók í hendur hanns, og fann að þær skulfu, gengur nokkuð að þér vinur minn, sagði hún, og því komstu svona seint heim það er komin nótt, hann þrýsti henni fast upp að sínu hvelfda og hraustlega brjósti og mælti við vanga hennar: "Ég smakka ekki áfengi "framar, og ég ætla að lifa hirlátu lífi hjá "konunni minni það sem eptir er æfinnar, "og þótt við höfum ekki á borði okkar annað "en sel í kvöld. Það er allt mér að kenna, "geturðu fyrirgefið mér? — "Já — ég átti "þig fyrir það ~~að~~ ég elskaði þig."

Það varð löng þögn en heitur koss brann á vörum þeirra.

N. N.

# Enn um málfundi

Það ætti vissulega að vera gleðiefni allra frjálslyndra manna, hér í sveitinni að nú þegar virðist vaknaður áhugi manna á því hversu heppilegt það væri að meiri samvinna og félagsskapur ætti sér stað hér eptir en verið hefir, og af þeim hvötum er Fjallfari efalaust stofnaður, og enn fremur hafa nokkrir félagsmenn vakið máls á því að æskilegt væri að málfunda félag yrði stofnað nú í vetur, og þó ég sé í efa um að slíkt félag gæti náð tilgangi sínum, hér í sveit að svo stöddu, hlít ég að viðurkenna að það er spor í áttina til eflingar betri félagsskapar, um leið og það gefur mönnum besta færi að láta skoðanir sínar opinberlega í ljósi, og heyra skoðanir annara manna á ýmsum málum sem agt má gjöra töluvert á; ég er því alls ekki í neinum vafa, að ofangreint

félag sé einkar heppilegt og nauðsyn-
-legt hér, en eins og eg áður hef vikið á
til, er vafasamt að félagið gæti komið
að tilætluðum notum þar sem það hefur
fleiri og stærri örðugleika við að stríða
hér en víðar annarstaðar; fyrst er það sem
getið var um í fyrsta ritgerðinni um þetta
málefni, að hér hagar svo til að mjög miklir
örðugleikar yrðu fyrir menn sem annars
eru bundnir við ýms störf, að sækja mál-
fundi þessa um lengri eða skemmri veg;
annað er það; að hér er alls ekki völ
á svo mörgum mönnum sem líklegir væru
til að styðja þennan félagsskap, sem
nauðsynlegt væri þó til þess að starfa að
samvinnu og góðum félagsskap, og efla
einnig skoðanir hjá meðlimunum á ýmsu
sem tekið yrði fyrir umræðuefni;
Í þriðja lagi: er þekking manna hér á mál-
fundum yfir höfuð að tala svo takmörkuð
að margir mundu álíta þá eingöngu
skemtisamkomur, og þar af leiddi; að ef

þeir gætu ekki fullnægt þessum kröfum
manna (af vöntun nógra manna í félagið
sem gætu haldið uppi fjörugum umræðum)
að áðurgreindir menn mundu alls ekki styðja
þá framvegis, sem mundi hafa miður góðar
afleiðingar fyrir þá; eg er því alls ekki
vongóður um að slíkt félag nái hér þroska
að sinni, heldur ef til vill gæfi tilefni
þess að annað slíkt félag yrði alls ekki
stofnað aptur þó hentugri tímar fengjust.

Læt eg svo útalað um þetta mál
að sinni en óska þess aðeins að allar
framkvæmdir til stuðnings betri félags-
skapar nái fram að ganga og hlítir góða
undirtektir hjá sveitungum vorum; aðeins
að slíkar framkvæmdir séu vel framkvæm-
-anlegar, svo ekki rösum vér fyrir ráð
fram, og viðleitnin verði verri en engin.

Halldór E Jónsson

Ath. þess skal getið að ritgerð þessi er rituð áður en
umburðarbréfið gékk. 87.

# Dökkhærda barnid

Þad höfdu verid kafaldsstórhrídar nærfellt því í hálfann mánud, en loksins birti nú upp med logni og frosti; himininn var heidur og blár, en fannhvít snæbreidan lá yfir sveitinni; sem blæa sakleysis og fridar. Gódvidrisloptid var eitthvad svo hreint og tært. Þad lagdi þrádbeina reykjarstrókana upp úr öllum eldhússtrompunum og ofnpípum bæjanna er voru med svo mátulega millibili, og þétt settir nedan undir skógivöxnum fjallahlídunum er eins og myndudu hálfhring eda bug, ad hafi út.

Eg hafdi nú þegar haft fataskipti þvegid mér og greitt, og búid mig sem best undir þad ad skreppa ofurlitla bæjarleid. Eg festi mig og batti eptir öllum kunstarinnar reglum ad mér fannst.

Sídan tók eg skídin mín sem stódu uppá endann vid bæjarþilid, setti þau ofaní snjóinn á hladinu, skodadi táböndin í þeim vel og vitrulega, setti sídan fæturna í hinar réttu stellingar er hæfdi bærilega gódum skídamanni. Þarna stód eg keipréttur stundarkorn og albúinn til ad renna mér nidur ad bratta brekkunni af bæjarhladinu beinaleid nidur á rennisléttar ísþaktar grundirnar.
Svona þá! Þar fór eg á stad, halladist lítid eitt áfram og svo í vinstri hlidina inn og ná jafnvæginu, og snjórinn þyrlast hátt yfir höfud mér þar til eg stadnæmist nidur á sléttunni.
Þad hafdi tekist bærilega
Eg hélt nú á stad adhart því skídafærid var allgott. Skídin sögdu ar, ar, undir fótum mínum eins og þau væru ad reka eptir mér, og var þenna gladur í anda þrátt fyrir þad sem þóttist ad hafid væri allt fullt af ís; meir ad segja

á ísinn væri orðinn fastur við nyrðstu
tanga landsins.
Eg hélt áfram ferð minni og tók
ekki til hins minnsta tilsings á tangan-
mínum þrátt fyrir allt og allt sem
mér datt í hug; mikill ansi væri nú
samt, ef hann kunningi minn yrði
nú ekki heima, það var nú eginlega
erindið að finna hann, uppá afar lítið
sem engann varðaði neitt um.
Það var farið afar lítið að bregða birtu
þegar eg kom að heimili kunningja
míns; konurnar sem stóðu úti á
gangstéttinni, og spókuðu sig úti í
góðaveðrinu og litlu börnin þeirra
léku sér og hlupu og stukku allt í kringum
þær. Kona kunningja míns tók brosa-
lega á móti gesti sínum og var hin
þægilegasta í viðmóti og töluðum við
saman utum alla heima og geima.
Þrátt varð eg þess vísari sem mig hafði
grunað að góðkunningi minn var ekki

heima, og varð eg því að bíða eftir honum
þar sem hann var von heim um kveldið
í glaða tunglsskininu; hann sem búinn
var að vera í burtu frá heimili sínu
allann þennann hvíta tíma, og konan hans
ekki frí við að vera orðin hrædd um
hann, ef hann ekki kæmi heim þetta kvöld.
Eg sat inni á rúmi kunningja míns
og reykti úr pípunni minni. Það var
fremur hlýtt og notalegt í herberginu.
Eldurinn logaði á arninum og kastaði
frá sér afar litilli ljósglætu, mér varð
litið úti gluggan og sá hvar hrímkaldur
máninn, glotti grár og alvarlegur í
gegnum frostrósirnar á glugga rúðunum
og brá nú þegar fingri á eina frostrósina
og svifti hana þannig tilveru sinni
gleðin varð hrein og tært, og sá eg þá.
hvar kallmaður var á ferð og stefndi að
húsinu. Eg þekki ekki limalagið
hans félaga míns, ef það er eigi hann
sem nú er þá og þegar kominn, mælti eg

Konan sem stóð þráðbein við ofninum, brá
þegar afar lítið litum, roði færðist í kinnarnar
sem áður voru gráar og grannar, varirnar
urðu þunnar og líktust beinum línum er
lögðust fast að tanngarðinum, glampi
leiftraði í augum hennar, og hún leit þegar
út í gluggann. Hún sá glöggt og vel að
maður hennar var þá og þegar kominn
og konan gekk að vörmu spori útúr
herberginu. Allt var kyrt og rótt
Tvær smámeyjar; dætur kunningja míns
biðu með þögn og þolinmæði eptir því
sem í vændum var að faðir þeirra kæmi
inn. Eg starði hugsandi á þær, og hugsaði
um atvik er skéð hafði fyrir nokkrum árum
Ó! hvað þessar litlu systur voru ólíkar hvor
annari; önnur á að giska á átlunda
ári, rjóð og sælleg, með ljósgula hárlokka er
liðuðust niður á bak, varirnar voru rauðar
augun blá og djúp og glansandi fögur.
Systir hennar var að giska á fimmta ári
smáa andlitið hennar var grannt og

hörundið móleitt og hálf bjálfalegt
hárið svart og hrokkið augun dökk og stór
sambrýnd var hún og dökkbrýnd
Eg horfði á barnið um stund, en það leit
undan, eins og það vildi fela andlit sitt.
Aumingja barn! datt mér í hug, og þú
vinur minn! atvikið varð mér ljóst í huganum
blóðið í mér æstist og eg fann að kinnar
minnar litsuðu lítið eitt.
Í þessum svifum kom kunningi minn inn
í herbergið, og heilsaði konunni vingjarnlega,
og hann settist niður á rúmið hjá mér
og fór allt hvað að minnast á ferðalag sitt.
Það var orðið dimmt í herberginu
nema hvað birtuna lagði skora frá
ofninum, og tunglsljósið var bjartara en
áður. Konan var nú aptur komin inn
hún stóð við ofninn og hagræddi kaffi-
katlinum en sneri bakinu að okkur.
Mér flaug í hug hvort þessi heimkoma
vinar míns mundi hafa verið sem
innilegust, og mér virtist satt að segja

hugur hans annarsstaðar en við þau orð er við
vorum að rabba.
Dóttir hans sú eldri, hallaðist upp að brjósti
föður síns, en lagði sínar stóllegu hendur
á vanga dóttur sinnar. En hvar var
yngri dóttirin? Hafði hún ekki jafnrétti
við hina? hún sem stóð nú úti horni grátandi
— Gengur nokkuð að þér barnið gott? mælti
faðir hennar fremur byrstur í bragði; eða því
kemur þú ekki í fangið mitt eins og þú
ert vön að gjöra? Konan þagði eins og steinn
hún sneri sér frá okkur, en mér sýndist hún
bera svuntuhornið upp að augum sér, um leið
og barnaumingjinn labbaði að fótum föður
síns; hann tók barnið þegar í fang sitt, og
strauk hárið frá enninu og grátþrungnu
dökku-augunum, klappaði síðan á kollinn
hennar, og mælti: "Hættu að gráta góða
barn, þú ert þá„ — lengra komst hann
ekki, og mér sýndist tár koma fram í augu
hans, barnið hætti á grátinum, og tárin
runnu svo liðugt og ört; niður brennheitar

kinnarnar, hún lagði hreinar og mjúkar
hendurnar um hálsinn á föður sínum og
kyssti hann, — hreinum og tállausum kossi
— og sagði: — milli þess er brjóstið bærðist
títt af ekkanum — "Eg er svo álík þér„
"babbi minn, og sumir segja mér að eg„
"eigi annann babba sem eg sé svo lík„
Eg gat nú ekki lengur haldið kyrru fyrir
og stóð á fætur, og gekk um gólfið fram
og aptur, köldum svita sló út um enni
mér, og mér var órótt.
"Þú ert saklaus elsku barnið, hvað sem„
"öðrum líður„ mælti vinur minn í alvarlegum
málróm, og eg sá að tárin voru horfin úr
augum hans, barnið var líka hætt að gráta
en dró andann djúpt og þungt; vinur
minn strauk hendinni aptur og aptur
yfir dökkva kollinn, eins og hann vildi amast
við þessum háralit.
Konan sem alla þessa stund hafði staðið
hreifingar laus við ofninn og ekki talað
nokkurt orð; gekk nú að manni sínum

og tók barnið – sem þegar var sofnað, – úr faðmi hanns, og lagði það útaf á hreinan og mjúkan kodda; og mælti um leið og hún kyssti innilega á vanga hins sofanda barns:
„Drottinn góður gæfi að því yrði ekki lengi
„ásteitingar steinn fyrir hans móður þína“
og brennheit munaðarleysinu hrundu niður á dökkva kollinn — — —
Mánuði síðar var og við jarðarför, dökkhærða barnsins; hún var þá ekki lengur ásteitingarsteinn hrasaðrar móður.

N. N.

---

## Þarf ekki að ráða bót á aflaskortinum.

Jú! Það blandast víst engum hugur um að það sé nauðsynlegt, en hitt er víst að skiptar verða skoðanir manna um meðöl til þess, og að sumu leyti er það ómögulegt því engin fær ráðið við fiskigöngur lóðarfar og annað þessháttar, en það sem framkvæmanlegt er geta menn gjört. Í tilefni af því er áður hefir byrst í „Fjallkonu“ um þetta mál vil eg fara um það nokkrum orðum.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hvert voða tjón aflaleysið hér, nú á síðari árum, hefir bakað mönnum, sem á sjóinn hafa treyst, að meira eða minna leyti. Aðalorsökin til þess er, eins og allir vita sú: að fiskur hefur ekki gengið hér inná fjörðinn utan smáísa og annað ruslfiski þó að nægð hafi verið af vænum fiski norður í Fjarðarkjaftinum; sem að margra

álit stafar af því niðurburði þeim er þar verður frá þeim mönnum er hafa verstöð sína við Drangey fyrri hluta sumarsins, meðan fiskigöngur eru sem stríðastar; svo fiskurinn stöðvast þar og dreifist eins og hr. Gunnar Jónsson tók fram í grein sinni, þar var og sýnt fram á, að fiskigöngur hér inná fjörðum hefði mjög rénað, síðan fiskilínan sú var afnumin er áður var löggilt hér, og virðist það vera á rökum byggt.

Nú munu menn segja að eðlilegt sé að úthaldsmenn frá Drangey leiti fyrir sér þangað sem fiskurinn er fyrir, og það sé óviðurkvæmilegt að meina þeim slíkt.

Það getur verið að nokkru leyti satt, en hljóta allir að sjá að þægilegra yrði einnig fyrir þá, að fiskurinn fengi að ganga lengra inn, þá þyrftu þeir styttra að sækja, og gætu þar af leiðandi náð fleiri köstum, og hygg eg að það gæti borgað sig þó aflinn yrði ekki eins mikill af hverju kasti í fyrstu

Nokkrir munu halda því fram að allir þeir er vilja halda út, ættu að fara til Drangeyjar til þess að geta jafnhliða hinum náð í aflann; en slíkt er með öllu ósamkvæm-anlegt, þar sem allir eru ekki á jöfnu stigi að efnum og ástæðum.

Í fyrsta lagi er mannfæðin.
Það hefur reynslan sýnt að full illa gengur að fá menn til að haldið verði út smábátum úr landi en slík skip er óhugsandi að hafa til sjósóknar norður um Skagatá, enda margt af þeim mönnum sem notað er þegar róið er úr landi, er bæði börn og gamalmenni sem ómögulegt væri að nota á stærri skip og örðugri sjósókn

Í öðru lagi er það, að búandi mönnum er óhægt um að fara frá heimili sínu, svo stöðugt sem til þess þarf að halda út við Drangey, en það er margt hagræði sem einyrkjum getur gjört sér heima þegar ekki verður róið, enda varhugavert að vanrækja bú sitt vegna sjávaraflans jafn stopull sem

hann virdist vera orðinn. Mer virdist
því engin ástæða eða til að offra hagsmunum
allra þeirra er úr landi róa fyrir stundar
ábata þeirra er halda út við Drangey.
Það sýnist því mjög nauðsynlegt
að hin umgetna fiskilína yrði aftur sett
eins og S. J. tók fram í grein sinni,
og ef svo er eins og hann getur í skin að
Laxdælir og Sauðárkróksbúar, hyggi á
að leggja fyrir sýslunefndina áskorun
þess efnis, ættum vér Reykstrendingar
alls ekki að láta standa á atkvæði voru
til þess, því þetta mál stendur nærri engu
síður en öðrum.
Það er því ósk mín og tilmæli til úthalds-
bænda hér á Reykjaströnd að þeir reyndu
að komast fyrir það hvort það sé áreiðanlegt
að fyrgreindir sveitahlutar muni senda
áskorun til sýslunefndar í þessu máli, og ef svo
reyndist, þá að sjá um að framkvæmdir yrðu
á því að slík áskorun gæti og komið frá oss
Reykstrendingum.

Sigurj. Jónasson

# Smávegis

Einu sinni voru nygift hjón á fjölmennu
ríkisheimili, konan sem var ung og fríð og
hýfurð bónda sins lét samt ekki manninn
sinn sofa hjá sér, ekki ber neitt á því að
bóndi tæki sér það nærri og var hinn glaðasti
í viðmóti við heimilisfólkið; eitt sinn voru
komnir margir næturgestir, þá segir konan við
bónda sinn um kveldið svona í hálfum hljóðum
"verða átta nú að sofa í nótt," og benti á
rúmið eitt, bóndi svaraði: "og held það verði
nokkuð fótamargt í rúminu þegar hann
"Jóhannes kemur líka".

Eitt sinn var gamall og guðhræddur prestur
kominn uppí stólinn, hann ræskti sig, tók
upp vasaklútinn þurkaði sér um augun og
mælti í hljóðum rödd sinni:
Guð var einn á bát, engin vill róa
með honum, og skal róa með honum
þar fer hann þó einn góðann.

Í annað skipti mælti prestur fram stöku
þessa til safnaðarins (og blés þungan)
Grunngætu þegar guðsbörn þá
gott væri að eiga klemmkorn þá
til föðurlandsins að flytja á
þara kendir eg vera má.

N. N.

---

# Gátur

1 Hver er sá hlutur, sem brúður á brjósti ber tíðlega, sér með augu er á hliðum, eitt í höfði en þó blindur, gerður í móti meistara höndum, efni úr jörðu alltaf fengið.

2 Hvert er það dýr sem áregið er ámi nafnið eitt?

3 Hvað fara margar matbaunir í tunnuna

4 Hvernig á að láta tvær tunnur af korni í fjóra tunnupoka, svo allir verði fullir

5 barvoet ~~Hvaða~~ nafn er það í réttri stafa röð?